

Morgunblaðið, 14.12.2021, síðu 24
grein stærð: 105.39 sm2
grein hæð: 6.94 sm

# Stærsta yfirlitssýning RAX

## ● Opnar í München en ● Kehrer gefur út nýja bók

Viðamesta yfirlitssýning sem sett hefur verið upp á ljósmyndum Ragnars Axelssonar – RAX verður opnuð á morgun í sýningarsölum Kunstfoyer í Versicherungskammer Kulturstiftung í München í Þýskalandi.

Sýningin nefnist *Þar sem heimurinn bráðnar* en minni útgáfa hennar var sett upp í Listasafni Reykjavíkur í fyrra. Samhliða gefur hið þekkta þýska forlag Kehrar út efnismikla samnefnda sýningarskrá með verkum Ragnars.



**Virtur** Í Kunstfoyer er fjöldi verka frá ferli Ragnars Axelssonar.

Sýning Ragnars er í röð sýninga á verkum heimskunnra ljósmyndara sem settar hafa verið upp í Kunstfoyer, til að mynda á verkum eftir Bill Brandt og Sebastião Salgado. Í tilkynningu frá Kunstfoyer segir að Ragnar sé einn þekktasti og dáðasti ljósmyndari norðursins og hafi í fjóra áratugi skrásett mannlíf og breytingar á lífskjörum á norðurhjara með eftirtektarverðum og einstökum hætti.